

HANNA DÓRA
STURLUDÓTTIR

GARÐAR THOR
CORTES

ÁGÚST
ÓLAFSSON

HELENA GUÐLAUG
BJARNADÓTTIR

HLJÓMSVEITARSTJÓRI
ANNA-MARÍA HELSING

EINLEIKARI
ALEXANDER EDELSTEIN

HOF 18. APRÍL OG LANGHOLTSKIRKJA 19. APRÍL

MOZART REQUIEM

REQUIEM Í D MOLL, K.626 OG PÍANÓKONSERT Í D MOLL, K.466

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT NORÐURLANDS | SÖNGSVEITIN FÍLHARMONIA | KAMMERKÓR NORÐURLANDS

TÖFRAFLAUTAN Á VÖRUM GUÐS



Ég man ekki lengur nákvæmlega hvenær ég kynntist Sálumessu Mozarts, hvort það var þegar ég sá Óskarsverðlaunamyndina Amadeus í bíóhúsi hér í bæ eða hvort ég las áður litlu bókina Síðustu dagar Mozarts sem mér áskotnaðist á bókamarkaði fyrir margt löngu. Kvikmyndin er framúrskarandi en í henni vefur handritshöfundurinn, Peter Shaffer, saman sögulegum staðreyndum og heilmiklum skáldskap. Eftir að hafa séð hana er erfitt að ímynda sér Wolfgang Amadeus Mozart nema sjá fyrir sér Tom Hulce í hlutverki hans.

Bókin um Mozart var hins vegar gefin út af Tónlistarfélagi Reykjavíkur á 150 ára dánardægri tónskáldsins, árið 1941. Í henni er sagður lokakaflinn í lífi Mozarts, frá fátækt sem eykst í miðri velgengni Töfraflautunnar og að veikindum hans sem ágerast og draga hann að lokum til dauða. Þessi glaðlyndi snillingur gerðist þungur, dulur og draumlyndur og virtist vita með vissu að hverju stefndi.

Nokkru fyrr, meðan Mozart vann enn að Töfraflautunni, kom að máli við hann leyndardómsfullur gráklæddur og kinnfiskasoginn sendiboði sem pantaði hjá honum sálumessu og greiddi helming þóknunarinnar fyrirfram. Í huga Mozarts var þetta dularfullur fyrirboði og hann kvaðst sjá mynd hins gráklædda manns hvar sem hann færi og hann ræki hann áfram við verkið. Síðar kom í ljós að verkkaupinn

var greifi sem hugðist láta eins og messan væri eftir sig. Kannski las ég þessa bók áður en myndin varð til. Um leið og Sálumessa Mozarts er nefnd kemur kvikmyndin líka ljóslifandi upp í hugann. Atriðið þar sem grímuklæddur maður pantar verkið, samning þess á dánarbeði og hvernig tónlistin spilar meistaralega með myndmálinu allt þar til Mozart er borinn út í kistu og undir hljómar hinn tregafulli Lacrimosa-kaflí.

Það er ómaksins vert að nýta sér tæknina og skoða á Youtube-vefnum atriðið þar sem Mozart semur Confutatis-kaflann liggjandi á sóttarsæng. Í höfði hans syngja línur og hljómar radda og hljóðfæra, og tónskáldið Antonio Salieri fær það hlutverk að koma því öllu niður á blað. Höfundurinn tekur sér reyndar skáldaleyfi hér því það var ekki Salieri sem aðstoðaði við að semja Sálumessuna á dánarbeðinu, heldur Franz Xaver Süssmayr, nemandi Mozarts, sem seinna lauk svo við ófullgerða hluta hennar.

Mér er ómögulegt að gera upp á milli hluta messunnar og vil hlusta á hana sem heild. Vitaskuld er inngangskafinn dásamlega fagur og fangar hlustandann samstundis. Strax fegurð en um leið þungur undirtónn. Dauði og umbreyting. Eins og venjulega þegar hlustað er á verk Mozarts lítur margt út fyrir að vera svo einfalt – næstum um of, eins og dægurfluga. En í þessum einfaldleika er fólgin mikil

fullkomnun – nánast algjör. Hljóðfæraleikarar mega engin mistök gera. Ekkert mætti vera öðruvísi. Engu má hnika.

Í bókinni litlu Síðustu dagar Mozarts er þessum orðum farið um hina miklu gáfu tónskáldsins og hið nýja verk sem vitaskuld var Sálumaessan: „En allt það sem sameinaðist í „Töfraflautunni“; dýpt og heiðríkja söngvanna, manntign þeirra og hljómsæla, allt þetta var lagt í brjóst hans í því líkri gnægð, að ekki gat gengið til þurrðar, fyrr en dauðinn skipaði fyrir. Og hinn sönggræni auður rann viðstöðulaust í hið nýja verk hans – þrátt fyrir líkamlegar þjáningar.“

Handritshöfundurinn Shaffer tekur í sama streng og Mozart í hans meðförum er fylltur yfirnáttúrulegum krafti sem verður að brjótast út. Í grein Shaffers, sem nefnist „Í minningu Mozarts“ og birtist í The New York Times eftir frumsýningu Amadeusar (og seinna í íslenskri þýðingu í Morgunblaðinu), segir í niðurlagi: „Þegar öll kurl eru komin til grafar þá er það svona sem Mozart kemur mér fyrir sjónir. Hann fékk frábæra þjálfun hjá föður sínum sem var bæði sérfróður og ópreytandi. Frá sextán ára aldri var Wolfgang Amadeus Mozart ætlað það hlutverk að vera töfraflautan á vörum guðs. Mér finnst það alls ekki hörmulegt að hann skuli hafa andast 35 ára að aldri. Hann lést að loknu gifurlegu streði við að afrita hið guðdómlega, af því að sá sem lék var hættur að leika

með honum. Það er allt og sumt.

Hvílíkt lán að vera gjörnýttur með þeim hætti í stað þess að láta billjón aukaatriði mylja sig niður í duft eins og verða örlög okkar flestra.“

Allt þetta, skáldað eða ekki, hefur áhrif á það hvernig ég hlusta á Sálumessuna. Sú staðreynd að Mozart vissi að hann átti ekki langt eftir og sagði sjálfur að hann væri að skrifa sína eigin sálumessu hlýtur að snerta sérhvern áheyrenda. Að vita að þú átt ekki langt eftir ólifað. Að skrifa sig frá heiminum í tónum. Skrifa sig frá heiminum en um leið inn í hann á ódauðlegan og meistaralegan hátt. Yfir það ná engin orð þegar allt kemur til alls.

Ég bið spenntur eftir að heyra flutning SN á Sálumessunni. Ég mun hlusta og berast með í minningu vinar, listunnanda sem var fastagestur á tónleikum hljómsveitarinnar. Hann hefði átt að sitja hér með okkur en vissi sína daga talda og þeir urðu sárgrætilega færri en nokkur hugði. Blessuð sé minningin um Ágúst Þór Árnason.

Þórgnýr Dýrfjörð
framkvæmdastjóri Akureyrarstofu



EFNISSKRÁ

PÍANÓKONSERT Í D MOLL, K. 466

HLÉ

REQUIEM Í D MOLL, K. 626

Höfundur | Wolfgang Amadeus Mozart

Hljómsveitarstjóri | Anna-Maria Helsing

Einleikari | Alexander Smári Kristjánsson Edelstein

Einsöngvarar | Ágúst Ólafsson, Garðar Thor Cortes, Hanna Dóra

Sturludóttir og Helena Guðlaug Bjarnadóttir

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands

Söngsveitin Fílharmónía

Kammerkór Norðurlands

WOLFGANG AMADEUS MOZART (1756–1791)

Wolfgang Amadeus Mozart (1756–1791) hefur í hugum margra orðið táknmynd tónlistarlegrar snilligáfu og gjarnan er dregin upp sú mynd að hann hafi nánast fyrirhafnarlaust samið hvert meistaraverkið af öðru. En hvað sem segja má um þær tónlistargáfur sem Mozart hlaut í vöggugjöf skiptir sennilega ekki síður máli að hann lagði stund á skipulegt tónlistarnám frá unga aldri, jafnt tónsmíðar og hljóðfæraleik. Fyrsti kennarinn var faðir hans, Leopold, sem starfaði sem hljóðfæraleikari við hirð erkibiskupsins í Salzburg og var Wolfgang Amadeus yngsta barn þeirra hjóna, Leopolds og Önnu Maríu. Þegar Wolfgang var aðeins þriggja ára fór systir hans, sem þá var sjö ára, að fá tilsögn í hljómborðsleik hjá föður þeirra. Þá strax kom í ljós að Wolfgang hafði bæði áhuga á tónlist og var fljótur að læra. Leopold sá þarna tækifæri og ekki leið á löngu áður en hann fór að gera út á tónleikahald þar sem Wolfgang og Maria Anna systir hans voru kynnt til sögunnar sem undrabörn í tónlist.

Mozart-fjölskyldan bættist að þessu leyti í hóp fjölda annarra sem ferðuðust um Evrópu á þessum tíma og sýndu listir sínar fyrir aðalsmönnum eða öðrum sem eitthvað áttu undir sér. Slíkt tónleikahald gat verið verulega ábatasamt og má í því sambandi benda á að með aðeins einnar viku stanslausu tónleikahaldi í Vínarborg árið 1762 tókst Leopold Mozart ásamt börnunum sínum tveimur að þéna sem nam launum tveggja ára í starfi hans fyrir erkibiskupinn í Salzburg. Fjölskyldan hafði að því leyti hag af því að gera sem

mest úr undraverðum hæfileikum Wolfgangs litla en sem minnst úr því að hann væri áhugasamur ungur drengur sem hefði lagt hart að sér við tónlistarnámið. Næstu ár einkenndist líf Mozart-fjölskyldunnar af ferðalögum um Evrópu þar sem börnin og faðir þeirra héldu tónleika en eftir því sem Wolfgang eltist varð sífellt erfiðara að selja slíka tónleika á þeim forsendum að þar væri á ferð undrabarn. Slíkum ævintýrum var því í raun sjálfhætt þegar börnin voru komin á unglingsaldur.

Árið 1773, þegar Wolfgang Amadeus var 17 ára, fékk hann starf sem hljóðfæraleikari við hirðina í Salzburg, eins og faðir hans. Wolfgang var hins vegar ekki allskostar ánægður með hlutskipti sitt í Salzburg. Launin voru lág og hann fékk ekki það tækifæri til að semja tónlist sem hann óskaði sér. Hann leitaði fyrir sér um vinnu annars staðar en varð ekki sérlega ágengt. Sífelldar tilraunir Wolfgangs Amadeusar til að fá aðra og betri stöðu fóru síður en svo framhjá erkibiskupnum í Salzburg sem var vinnuveitandi hans á þessum tíma og voru honum alls ekki að skapi. Í ljósi þess að Leopold hafði á sínum tíma fengið talsvert svigrúm til að þvælast um allar jarðir til tónleikahalds með börnin hefur erkibiskupnum ef til vill þótt ergilegt að Wolfgang Amadeusi þætti svo þegar upp var staðið nánast fyrir neðan sína virðingu að starfa sem tónlistarmaður við hirðina. Að lokum fór svo að Wolfgang var í raun rekinn frá hirðinni í Salzburg. Hann settist þá að í Vínarborg og naut þar sívaxandi virðingar sem bæði tónskáld og hljóðfæraleikari. Mozart var 25 ára þegar hann losnaði frá hirðinni í Salzburg og fluttist endanlega til Vínar. Þar kynntist

hann Constanze Weber, sem þá var 19 ára. Þau felldu hugi saman og gengu í hjónaband ári síðar. Framtíðin blasti við Mozart fyrst eftir að hann flutti til Vínar. Hann hélt fjölda tónleika og margir af píanókonsertum hans eru frá þessum tíma. Skömmu eftir komuna til Vínar hittust þeir Mozart og Haydn og varð vel til vina. Mozart hóf einnig að kynna sér tónlist eldri tónskálda á borð við Bach og Handel og þetta tvennt, annars vegar kynni hans af samtímatónskáldum og hins vegar athuganir hans á tónsmíðum eldri höfunda, má merkja í tónsmíðum Mozarts á þessum tíma.

Píanókonsert Mozarts númer 20 í d-moll (K. 466) var saminn 1785 og frumfluttur af tónskáldinu 11. febrúar sama ár. Konsertinn er einn af þeim píanókonsertum sem Mozart samdi gagngert fyrir sjálfan sig til flutnings á tónleikum sem hann hélt á árunum 1784–86 og eru almennt taldir meðal bestu tónverka sem hann samdi. Meðal þess sem Mozart þykir hafa heppnast sérlega vel er að gæta jafnvægis milli einleikara og hljómsveitar. D-moll konsertinn var meðal annars í sérstöku upphaldi hjá öðrum meistara hljómborðsins, Ludwig van Beethoven, sem lék hann oft á tónleikum. Konsertinn er í hefbundnu þriggja þátta formi. Hann hefst á Allegro-kafla í d-moll, þar á eftir er Rómansa í B-dúr og svo að lokum Rondo, Allegro assai, þar sem aftur er farið í d-moll.

Undir lok níunda áratugar 18. aldar tók að harðna á dalnum hjá Mozart. Það voru krepputímar í Austurríki enda landið í stríði við ríki Ottómana. Mozart gekk

erfiðlega að semja tónverk sem náðu hylli og sköpuðu tekjur og fyrir vikið safnaði fjölskyldan skuldum. Árið 1791 var þó heldur tekið að greiðast úr fyrir Mozart. Hann samdi mörg af sínum þekktustu verkum, eins og Töfraflautuna, síðasta píanókonsertinn (K. 595 í B-dúr), Klarinettukonsertinn (K. 622) og síðast en ekki síst hóf hann að semja sálumessu en lést svo áður en hún var fullkláruð.

Sálumessa Mozarts (K. 626) er margslungið verk og margt á huldu um tilurð þess. Þó liggur fyrir að það var samið að beiðni Walsegg greifa sem mögulega hugðist kynna sálumessuna sem sína eigin. Mozart lést hins vegar frá verkinu ókláruðu árið 1791 og kom það þá í hlut Franz Xaver Süssmayr, sem verið hafði nemandi Mozarts, að ljúka því.

Constanze, ekkju Mozarts, var nokkurvandi á höndum þegar Mozart lést og margar af þeim sögusögnum sem orðið hafa til um verkið má rekja til hennar. Hún þurfti í raun að halda því leyndu að tónverkið var bara hálfkarað frá hendi Mozarts því annars hefði hún án efa átt erfitt með að fá greidda þá þóknun sem um hafði verið samið. Ennfremur þurfti hún eftir megni að gera sem minnst úr aðkomu Süssmayrs að því að ljúka við verkið. Til hennar má einnig að líkindum rekja þá sögusögn að Mozart hafi trúað því að hann væri að semja sálumessu til flutnings í sinni eigin jarðarför. Hvað sem segja má um tilurð verksins og þátt Mozarts í því er þó óumdeilt að afraksturinn er einstakt tónverk verk sem lætur engan ósnortinn.




ANNA-MARIA HELSING

Finnski hljómsveitarstjórinn Anna-Maria Helsing hóf feril sinn sem fiðluleikari en lagði síðan stund á hljómsveitarstjórn við Sibeliusarakademíuna í Helsinki undir leiðsögn Leifs Segerstam.

Helsing hefur stjórnað öllum helstu hljómsveitum í Finnlandi og var aðalhljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitarinnar í Oulu á árunum 2010–13. Hún kemur reglulega fram með Konunglegu filharmóníusveitinni í Stokkhólmi og sífóníuhljómsveitunum í Gautaborg og Þrándheimi sem og öðrum hljómsveitum á Norðurlöndum. Helsing hefur einnig getið sér gott orð fyrir óperuflutning, bæði eldri verka og

nýrra. Fyrsta verkefni hennar á því sviði var árið 2008 þegar hún stjórnaði óperunni Adriana Mater eftir Kaiju Saariaho í Finnsku þjóðaróperunni. Hún stýrði frumuppfærslu á óperu Karólínu Eiríksdóttur, Magnus Maria, sem sýnd var víða á Norðurlöndum á árunum 2014–16, meðal annars á Listahátíð í Reykjavík. Helsing leggur sérstaka alúð við nýrri tónlist og hefur hlotið verðugar viðurkenningar fyrir það. Árið 1999 vann hún til fyrstu verðlauna í alþjóðlegri keppni 20. aldar tónlistar fyrir unga listamenn í Varsjá og árið 2011 uppskar hún Louis Spohr-verðlaunin í Braunschweig, fyrst hljómsveitarstjóra, en þau eru veitt tónlistarmönnum sem láta að sér kveða í nýrri tónlist og kynna hana ungu fólki.



ÁGÚST ÓLAFSSON

Ágúst Ólafsson lauk MA-gráðu í söng við Síbelíusarakademiuna. Hann hóf atvinnuferilinn sumarið 2000 og hefur síðan sungið á tónleikum víða, t.a.m. í Berliner Filharmonie og Wigmore Hall í London, og unnið með m.a. hljómsveitarstjórunum H. Linttu, P. Sakari og P. McCreesh.

Hlutverk hans hjá Íslensku óperunni eru m.a. titilhlutverkið í Sweeney Todd (2004), Papagenó, Skugginn í Rake's Progress og Belcore í Ástardrykknum, sem færði honum Grímuverðlaun sem söngvari ársins 2009.

Hann flutti söngljóðaflokka Schuberts ásamt Gerrit Schuil á tónleikum Listahátíðar 2010 og hlutu þeir fyrir það íslensku tónlistarverðlaunin sem flytjendur ársins. Ágúst vann einnig til íslensku tónlistarverðlaunanna sem söngvari ársins í sígildri og samtímatónlist árið 2013.

Á síðustu árum hefur Ágúst sungið hlutverk séra Torfa í Ragnheiði Gunnars Þórðarssonar, Papagenó í uppsetningu Töfrahurðar/íslensku óperunnar á Töfraflautu Mozarts og hlutverk Fiorelló, Masetto og Angelotti í sýningum íslensku óperunnar á Rakaranum í Sevilla (haustið 2015), Don Giovanni (febrúar 2016) og Toscu (haustið 2017).



GARÐAR THÓR CORTES

Garðar Thór Cortes hóf söngnám við Söngskólann í Reykjavík hjá Ólöfu Kolbrúnu Harðar-dóttur árið 1993 og útskrifaðist þaðan fjórum árum síðar. Eftir það stundaði hann nám við Hochschule für Darstellende Kunst und Musik í Vínarborg, sótti einkatíma hjá André Orlowitz í Kaupmannahöfn og stundaði nám við óperudeild Konunglega tónlistarháskólans í Lundúnum. Garðar Thór hefur komið víða fram og haldið einsöngstónleika og sungið í söngleikjum, óratórium og óperum hér heima, víðsvegar í Evrópu og í Bandaríkjunum. Garðar hefur sungið á tónleikum með Sinfóníuhljómsveit Íslands og farið í tónleikaferðalög með Kiri Te Kanawa, Katherine Jenkins og Elaine Page. Hann hefur komið fram í nokkrum þekktustu tónleikahúsum heims, m.a. Royal Albert Hall og Carnegie Hall. Hann kom fram á lokatónleikum Proms-tónlistarhátíðarinnar í London og söng þar fyrir tugþúsundir. Garðar Thór var tilnefndur til Classical Brit Awards árið 2008 fyrir plötuna Cortes.

Meðal óperuhlutverka sem Garðar hefur sungið eru Ferrando í *Così fan tutte*, Fenton í *Falstaff*, Alfredo í *La Traviata*, Rinuccio í *Gianni Schicchi*, Ítalskur söngvari í *Der Rosenkavalier*, Vakula í *Cherevichki*, Chanfalla í *Das Wundertheater*, Rodolfo í *La Bohème*, Hertoginn í *Rigoletto* og Alberto í *L'occasione fa il ladro*. Hann söng hlutverk Don Ramiro í *Öskubusku* árið 2006 og hlutverk Nemorino í *Ástardrykknum* árið 2009 hjá Íslensku óperunni. Haustið 2011 tók Garðar þátt í 25 ára afmælisýningu *The Phantom of the Opera* í Royal Albert Hall, sem var send beint út í bíóhúsum um allan heim. Garðar söng hlutverk Phantom í söngleiknum *Liebe Stirbt Nie* í Hamborg 2015–2016, var einnig valinn til að syngja aðalhlutverkið í 30 ára afmælisuppfærslu *Phantom of the Opera* í París 2016–2017 og árin 2017–2018 ferðaðist hann um gervöll Bandaríkin í hlutverki Phantom í *Love Never Dies*. Garðar Thór hefur hefur sungið í fjórum uppfærslum Íslensku óperunnar í Hörpu; Tamino í *Töfraflautunni*, Rodolfo í *La Bohème*, Don José í *Carmen* og Horace Adams í *Peter Grimes*.



HANNA DÓRA STURLUDÓTTIR

Hanna Dóra Sturludóttir hefur um árabil verið ein af okkar fremstu söngkonum. Hún á að baki langan feril, bæði á óperusviði og á tónleikapalli víða um heim. Um tíma bjó hún og starfaði í Berlín en er nú búsett á Íslandi þar sem hún kennir við Söngskóla Sigurðar Demetz og Listaháskóla Íslands. Þá hefur hún síðastliðin ár sungið ýmis hlutverk í sýningum Íslensku óperunnar, til dæmis titilhlutverið í Carmen, Eboli í Don Carlo, Donnu Elviru í Don Giovanni og nú síðast í Brothers eftir Daniel Bjarnason. Árið 2014 hlaut Hanna Dóra Íslensku tónlistarverðlaunin og fylgdi þeim nafnbótin „Söngkona ársins“ fyrir túlkun hennar á Eboli prinsessu.

HELENA GUÐLAUG BJARNADÓTTIR

Helena Guðlaug Bjarnadóttir hóf söngnám við Tónlistarskólann á Akureyri árið 1999 og lauk framhaldsprófi þaðan vorið 2004. Kennarar hennar voru Michael J. Clarke, Sigríður Elliðadóttir og Sigríður Aðalsteinsdóttir. Hún söng ýmis hlutverk í uppfærslum söngdeildar á námsferlinum. Helena hefur komið fram við ýmis tækifæri sem einsöngvari með kórum á Norðurlandi og með Sinfóníuhljómsveit Norðurlands, og haldið tónleika hjá Tónlistarfélagi Akureyrar og á Sumartónleikum Akureyrarkirkju, Hóladómkirkju og Mývatnssveitar. Helena hefur sótt einkatíma hjá m.a. Sigríði Aðalsteinsdóttur og Sigrúnu Hjálmtýsdóttur og Jóni Þorsteinssyni. Helena er meðlimur í Kammerkórnum Hymnodíu og árið 2012 söng hún hlutverk Dido í uppfærslu kórsins á verkinu Dido og Aeneas. Ásamt því að vera starfandi söngkona, hefur Helena starfað við Tónlistarskólann á Akureyri frá árinu 1999 við píanókennslu og meðleik.



ALEXANDER SMÁRI KRISTJÁNSSON

Alexander Smári Kristjánsson Edelstein fæddist í maí árið 1998. Hann stundaði píanónám hjá Þórarni Stefánssyni við Tónlistarskólann á Akureyri frá 2009 til 2017. Árið 2012 tók hann þátt í píanókeppni EPTA (Evrópusamband píanókennara) og hlaut 1. verðlaunísínuflokk. Hann tók þátt í Nótunni – uppskeruhátíð tónlistarskólanna sem fram fór í Eldborgarsal Hörpu árið 2012 og hlaut þar fyrstu verðlaun sem einleikari.

Alexander hlaut námsstyrk frá Tónlistarskólanum á Akureyri árið 2012-2013 fyrir framúrskarandi árangur í námi. Árið 2013 kom hann fram sem einleikari með strengjasveit á tónleikum í Hofi þar sem hann spilaði 1. kafla úr píanókonsert eftir Haydn. Fyrstu einleikstónleikar hans fóru fram í Menningarhúsinu Hofi 28. maí 2014. Á haustdögum sama árs hlaut hann styrk úr Menningarsjóði KEA fyrir ungt afreksfólk.

Alexander hélt einleikstónleika á Kirkjulistavíkunni á Akureyri árið 2015 þar sem hann spilaði verk eftir Bach, Schubert og Chopin. Þriðju einleikstónleikarnir fór fram í Hofi sama ár í Tónleikaröðinni „Sumartónleikar í Hofi“.

Í nóvember 2015 tók Alexander aftur þátt í píanókeppni EPTA en að þessu sinni sem nemandi á framhaldsstigi. Hann lenti þar í öðru sæti í sínum flokki en hlaut fyrstu verðlaun fyrir besta flutning á verkinu Segulljós eftir Önnu Þorvaldsdóttur, sem samið var sérstaklega fyrir keppnina.

Árið 2016 lauk Alexander framhaldsstigsprófi frá Tónlistarskólanum á Akureyri og lauk seinni hluta framhaldsstigsprófsins með útskriftartónleikum í febrúar 2017. Hóf hann nám við Listaháskólann í Reykjavík hjá Peter Máté píanókennara samhliða því að ljúka stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri. Einnig nam hann orgelleik hjá Eypóri Inga Jónssyni í Akureyrarkirkju veturinn 2017-2018. Á 75 ára afmæli Tónlistarfélags Akureyrar,

þann 23. janúar 2018, hélt Alexander einleikstónleika í Hofi. Þann 13. maí það sama ár hélt hann einleikstónleika í Hofi með styrk frá Tónlistarsjóði Hofs og Samkomuhússins.

Alexander er nú í fullu námi við Listaháskóla Íslands þar sem hann lærir hjá Peter Máté.

Alexander hlaut einnig Samstarfsverkefnastyrk frá Akureyrarbæ/Akureyrarstofu sumarið 2018, gegn spilamennsku við ýmis tilefni allt sumarið. Lok samstarfsverkefnisins voru einleikstónleikar í Akureyrarkirkju þann 27. júlí.

Framundan eru tvennir tónleikar með Sinfóníuhljómsveit Norðurlands um komandi páska þar sem hann mun leika píanókonsert Mozarts, í Hofi 18. apríl og í Langholtskirkju 19. apríl.



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT NORÐURLANDS

FAGNAÐI 25 ÁRA AFMÆLI SÍNU MEÐ

HÁTÍÐARTÓNLEIKUM Í HOFI ÞANN 24. MARS 2019

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands fagnaði 25 ára afmæli sínu með hátíðartónleikum í Hofi þann 24. mars 2019. Sveitin var stofnuð árið 1993 og hefur vaxið mikið undanfarin ár, sem hluti af rekstri Menningarfélags Akureyrar. Hún hefur á síðustu árum sérhæft sig í upptökum á kvikmyndatónlist og stuðlað að frumflutningi á nýrri íslenskri tónlist.

Yfir 14.000 gestir sóttu tónleika hennar á síðasta ári en árið 2018 var langstærsta ár Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands frá upphafi á öllum sviðum. Það verður áskorun að halda þessum árangri við á komandi árum og treystir SN/ SinfoniaNord á framsýni stjórnáráðgjafamanna á Íslandi varðandi það að hlúð verði vel að þessari starfsemi sem hefur svo sannarlega unnið sér sess á Akureyri hjá bæði áheyrendum og listamönnum sem öflug uppspretta afþreyingar, frumsköpunar og atvinnutækifæra.

HLJÓMSVEITARSKIPAN SN

1. FIÐLA

Helga Þóra Björgvinsdóttir
Joaquin Páll Palomares
Hlín Erlendsdóttir
Laura Liu
Gróa Margrét Valdimarsdóttir
Zsuzsanna Bitay
Gunnhildur Daðadóttir
Margrét Þorsteinsdóttir

2. FIÐLA

Marcin Lazarz
Tomasz Kolosowski
Chrissie Guðmundsóttir
Sigríður Baldvinsdóttir
Pascal La Rosa
Sigrún Harðardóttir

VÍÓLUR

Svava Bernharðsdóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Eydís Úlfarsdóttir
Eydís Ýr Rósenkjær

SELLÓ

Ásdís Arnardóttir
Helga B Ágústsdóttir
Victoria Tarvevskaia

BASSAR

Gunnlaugur Torfi Stefánsson
Þórir Jóhannsson
Jóhannes Georgsson

FLAUTA

Petrea Óskarsdóttir

HORN

Ella Vala Ármannsdóttir
Kjartan Ólafsson

ÓBÓ

Matthías Birgir Nardeu
Gillian Haworth

KLARINETT

Ármann Helgason
Helga Arnardóttir

FAGOTT

Dagbjört Ingólfisdóttir
Leendert Booyens

BÁSÚNA

Moisés Fernández Gallego
Carlos Caro Aguilera
Jesus Moreno Miras

TROMPET

Vilhjálmur Sigurðarson
Sóley Björk Einarsdóttir

ORGEL

Magnús Ragnarsson

SLAGVERK

Emil Þorri Emilsson

SÓPRAN

Anna Margrét Björnsdóttir
Ása Sjöfn Lórens dóttir
Ásdís Björk Kristjánsdóttir
Áslaug Anna Þorvaldsdóttir
Bryndís Jóhannesdóttir
Brynhildur Pálmarsdóttir
Dagný Björk Guðmundsdóttir
Harpa Hrund Berndsen
Hlín Kristbergsdóttir
Hólmfríður Steinþórsdóttir
Jóhanna Hólmfríður Helgadóttir
Sigríður Geirsdóttir
Sigríður Lilja Skúladóttir
Sigríður Rósa Snorradóttir
Silja Garðarsdóttir
Sunna Sturludóttir

ALT

Ásdís Ármannsdóttir
Ásthildur Erlingsdóttir
Bára Elíasdóttir
Elínborg Kristjánsdóttir
Guðlaug Kristjánsdóttir
Hildur Jósteinsdóttir
Hildur Pétursdóttir
Hulda Hjartardóttir
María Guðmundsdóttir
Rannveig Magnúsdóttir
Sigurlaug Magnúsdóttir
Sigprúður Gunnarsdóttir
Sólrún Svava Skúladóttir
Steinunn Anna Sigurjónsdóttir
Sunna Karen Einarsdóttir
Una Strand Viðarsdóttir
Unnur Sigmarsdóttir
Þóra Harðardóttir

TENÓR

Davíð Stefánsson
Guðmundur Gauti Kristjánsson
Gunnar Freyr Steinsson
Hans Júlíus Þórðarson
Jónas Örn Helgason
Jósúa Theodórsson
Kristján Kristinsson
Magnús Ragnarsson
Ólafur Guðmundsson
Þengill Ólafsson
Þorkell Máni Þorkelsson

BASSI

Björn Reynir Halldórsson
Einar Karl Friðriksson
Gunnar Ólafsson
Guðjón Emilsson
Hrafnkell Orri Sigurðsson
Ívar Árnason
Jonas Koesling
Jóhannes Karl Karlsson
Oddgeir Páll Georgsson
Óskar Ericsson
Sigurður Erlendsson
Sverrir Már Sverrisson
Þorsteinn Þorsteinsson

SÖNGSVEITIN FÍLHARMÓNÍA



Söngsveitin Filharmónía var stofnuð árið 1960 með það fyrir augum að flytja sigild kórverk. Kórinn starfaði náð með Sinfóníuhljómsveit Íslands fyrsta aldarfjórðunginn en síðan á eigin vegum. Kórinn telur nú ríflega 60 söngvara og heldur að jafnaði þrenna til ferna stóra tónleika á ári með fjölbreyttri efnisskrá, auk ýmissa minni verkefna. Söngsveitin ræður til sín hljóðfæraleikara og einsöngvara eftir því sem tilefni er til hverju sinni og hefur á merkistímamótum fengið íslensk tónskáld til þess að semja verk fyrir kórinn. Fyrir flutning sinn á Ein deutsches Requiem eftir Johannes Brahms var kórinn tilnefndur til Íslensku tónlistarverðlaunanna fyrir tónlistarviðburð ársins. Stjórnandi kórsins er Magnús Ragnarsson.

Magnús Ragnarsson stundaði nám við Tónlistarskólann í Reykjavík, Tónskóla Þjóðkirkjunnar og Tónlistarháskólann í Gautaborg. Þá stundaði hann framhaldsnám í kórstjórn hjá Stefan Parkman við Háskólann í Uppsöllum. Magnús starfar sem organisti í Langholtskirkju og stjórnar Kór Langholtskirkju, sem er 32 manna kór með menntuðum tónlistarmönnum. Hann hefur stjórnað Söngsveitinni Filharmóníu frá janúar 2006 og stjórnaði Hljómeyki árin 2006–2012 og Melodiu – Kammerkór Áskirkju 2007–2017. Hann kennir kórstjórn við Tónskóla Þjóðkirkjunnar og Listaháskóla Íslands og starfar sem kórstjóri við Íslensku óperuna.

Magnús hefur stjórnað ballettum og kammeróperum, stjórnað Lutoslawski-Filharmóníuhljómsveitinni í Póllandi og áttfarsælt samstarfi við Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hann hefur unnið til verðlauna með kórnum sínum í Florilège Vocal de Tours, Llangollen í Wales, Arezzo á Ítalíu og Béla Bartók-kórakeppninni í Ungverjalandi, þar sem hann fékk sérstök verðlaun fyrir besta flutning á nútímaverki. Hann var tilnefndur til Íslensku tónlistarverðlaunanna 2015 fyrir flutning á Þýsku sálumessunni eftir Brahms og 2016 var hljómdiskur Melodiu undir hans stjórn tilnefndur sem plata ársins.

SÓPRAN

Bjarkey Sigurðardóttir
Helga Kolbeinsdóttir
Jónína Björt Gunnarsdóttir
Judit György
Margrét Árnadóttir

ALT

Auður Aðalsteinsdóttir
Dagný Pétursdóttir
Harpa Björk Birgisdóttir
Myriam Dalstein
Sigurdríf Jónatansdóttir
Þorbjörg Jónsdóttir

TENÓR

Benedikt H. Björgvinsson
Ingimar Guðmundsson
Jón Eðvarð Ingólfsson

BASSI

Ásgeir Böðvarsson
Einar Ingi Hermannsson
Kristján Þórhallur Halldórsson
Magnús Kristjánsson

KAMMERKÓR NORÐURLANDS



Kammerkór Norðurlands var stofnaður haustið 1998. Sigurbjörg Kristínardóttir stjórnaði fyrstu tvö árin en Guðmundur Óli Gunnarsson hefur verið við stjórnvölinn frá árinu 2000. Í kórnum er söngfólk af Norðurlandi, allt frá Kópaskeri til Sauðárkróks. Hópurinn samanstendur af menntuðum söngvurum og tónlistarfólki sem gerir kórnum kleift að æfa í skorpum og vinna markvisst þrátt fyrir dreifða búsetu.

Undanfarin ár hefur kórinn einbeitt sér að flutningi íslenskra tónverka, sem sum hafa verið samin sérstaklega fyrir hann. Þar koma m.a. við sögu tónskáldin Atli Ingólfsson, Bárðs Grímsdóttir, Guðmundur Óli Gunnarsson, Haukur Tómasson, Hildigunnur Rúnarsdóttir, Jaan Alavere, Jón

Ásgeirsson, Páll Barna Szabó, Snorri Sigfús Birgisson og Lísá McMaster. Það hefur verið meðvituð stefna og metnaðarmál kórsins og stjórnanda hans að hvetja íslensk tónskáld til dáða með því að kaupa af þeim verk og stuðla þannig að vexti og viðgangi íslenskrar kórtónlistar.


Judit György er fædd í Ungverjalandi. Hún hóf pianónám sjö ára gömul í tónlistarskóla og lærði síðan á pianó og orgel í Konservatíum í Györ.

Í háskólanum í Szombathely hélt hún áfram náminu en einnig lærði hún kórstjórn og útskrifaðist sem kirkjutónlistarmaður (kantor) árið 1997. Judit var pianókennari við Drengjasöngskólann í Szombathely frá

árinu 1997 til 1999. Árið 1999 flutti Judit til Íslands og hún starfar nú sem pianókennari við Tónlistarskóla Húsavíkur. Hún var einnig organisti við Húsavíkurkirkju árin 1999–2018.

Judit hefur komið fram á tónleikum bæði á Íslandi og erlendis og frá síðustu áramótum hefur hún verið meðleikari Karlakórsins Hreims.

Judit hefur verið í Kammerkór Norðurlands frá árinu 2007 og tók að sér að æfa kórinn fyrir Requiem eftir Mozart í vetur.



VINSAMLEGAST KLAPPIÐ EKKI Á MILLI KAFLA



SÉRSTAKAR ÞAKKIR
ARNGRÍMUR JÓHANNSSON

HLJÓMLEIKABIÓ Í HOFI OG Í HÖRPU Í HAUST

Hof 22. september

Harpa 29. september

Miðasala á mak.is

LÓI – ÞÚ FLÝGUR ALDREI EINN

MEÐ LIFANDI UNDIRLEIK SINFÓNÍUHLJÓMSVEITAR NORDURLANDS

UNDIR STJÓRN TÓNSKÁLDSINS ATLA ÖRVARSSONAR

Miðasala í Hofi opin alla virka daga kl. 12-18 og á mak.is

MAK

MENNINGARFÉLAG
AKUREYRAR